



Inflúensan veturinn 2017–2018


Umtalsvert dró úr inflúensufaraldrinum veturinn 2017–2018 í lok mars 2018. Síðustu vikur ársins 2017 og fyrstu vikur ársins 2018 einkenndist faraldurinn af inflúensu A(H3N2). Eftir það einkenndist faraldurinn af inflúensu B af Yamagata stofni. Faraldurinn var nálægt því að vera með mikla útbreiðslu (háa virkni) í samfélaginu.

Mynd 1 hér til hliðar sýnir dreifingu inflúensustofna sem greindust í aðsendum sýnum til veirufræðideildar Landspítala í vetur.


Mynd 2 lýsir áhrifum faraldursins í samfélaginu sem byggir á fjölda sem greindust með inflúensulík einkenni.

Fjöldi innlagðra sjúklinga vegna inflúensu á Landspítala fylgdi þessu mynstri en verulega hafði dregið úr þeim í viku 13.

Áhyggjur vöknudú um virkni bólu-efnisins sem notað var fyrir árstíðabundna faraldurinn 2017–2018 því það innihélt ekki mótefnavaka gegn inflúensu B Yamagata. Niðurstöður nýlegrar rannsóknar (Eurosurveillance - Volume 23, Issue 9, 01 March 2018) hafa hins vegar leitt í ljós talsverða virkni bólu-efnisins í reynd gegn inflúensu B Yamagata sem væntanlega má skýra með krossvirkni mótefnavaka í bólu-efninu.



Mynd 1



Mynd 2

Efni:	bls.
Inflúensan veturinn 2017–2018.....	1
Áramótin 2017–2018.....	2
Mengun neysluvatns í Reykjavík.....	2
Kynsjúkdómar.....	3
Viðbrögð heilbrigðisyfirvalda við aukinni útbreiðslu kynsjúkdóma.....	4
Innleiðing alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar (IHR-2005).....	4
Samstarfssamningur um gerð viðbragðsáætlunar (CBRN).....	5
Bráðaflokkun og áverkamat.....	5

Ritstjórn

Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir, ábm.
Ása St. Atladóttir
Guðrún Sigmundsdóttir
Hrafnhildur B. Stefánsdóttir
Íris Marelsdóttir
Júlíana Héðinsdóttir
Kamilla Jósefsdóttir

Ritstjóri

Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi

Embætti landlæknis

Sóttvarnalæknir
Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími 5101900
Bréfasími 5101920
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is

Áramótin 2017–2018

Loftgæði

Um áramótin varð mikil mengun á höfuðborgarsvæðinu af völdum skotelda en mælingar voru gerðar á sjö stöðum. Hæst mældist skammtíma styrkur svifryks á mælistöð við Dal-smára í Kópavogi um 4.500 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ (10 mínútna gildi) og hefur aldrei mælst svo mikil mengun á höfuðborgarsvæðinu frá upphafi mælinga. Þess ber að geta að heilsuverndarmörk fyrir svifryk (PM10) samkvæmt reglugerð nr. 920/2016 eru 50 $\mu\text{g}/\text{m}^3$ á sólarhring. Einnig var styrkur SO₂ hærrí en hefur verið undanfarin áramót en var þó ekki yfir heilsuverndarmörkum. Tekin voru sýni til greininga á þungmálmum en beðið er niðurstöðu þeirra mælinga.

Sala á skoteldum hefur aukist mikið á undanförnum árum. Árið 1995 voru seld um 150 tonn en mest var salan árið 2007 en þá voru seld yfir 1.000 tonn af skoteldum. Núna um áramótin var salan yfir 600 tonn. Einnig er rétt að spyrja þeirrar spurningar hvort

veðurfar sé að breytast þannig að meiri líkur séu á uppsöfnun mengunar. Á síðustu 30 árum hefur aðeins um þrenn áramót verið vindhraði undir 2 m/s en þau eru öll eftir árið 2009.

Sóttvarnalæknir kannaði heilsufarsáhrif hjá mönnum af völdum mengunarinnar sl. áramót og kom í ljós að á bráðamóttöku Landspítala greindust 10 einstaklingar með öndunarfæraeinkenni sem rakin voru til mengunarinnar og innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins greindust einnig um 10 einstaklingar með öndunarfæraeinkenni. Allir einstaklinganna voru fullorðnir og flestir með undirliggjandi lungnasjúkdóma. Engin dauðsföll voru rakin til mengunarinnar.

Heilsufarsáhrif voru ekki greind á öðrum heilsugæslusvæðum á landinu.



Stjórnskipuð samstarfsnefnd um sóttvarnir (SSUS) kom saman en hana skipa auk sóttvarnalæknis fulltrúar Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar og Geisla-varna Ríkisins.

Á fundi nefndarinnar, þann 11. janúar 2018, var skorað á stjórnvöld að leita allra leiða til að draga sem mest úr notkun flug- og skotelda hér á landi, einkum um áramót.

Mengun neysluvatns í Reykjavík

Þann 9. janúar sl. skall á óveður og asahláka. Vatnssýni voru tekin samdægurs í samræmi við hlákuáætlun Veitna ohf. *E. coli* saurgerlar ræktuðust úr þremur borholum og var þeim lokað án tafar. Ekki greindust nein frávik í dreifikerfi dagana 9. og 10. janúar. Næstu daga var áfram mikið vatnsveður og voru sýni tekin daglega. Jarðvegsgerlar greindust í sumum sýnanna yfir viðmiðunarmörkum. Tíma-



bundið var því mælt með suðu neysluvatns í þeim hverfum borgarinnar þar sem vænta mátti vatnsmengunar.

Ekki varð vart við nein veikindi sem tengdust þessari mengun en óvenjulegar aðstæður skýrðu þessa mengun.

Þessi frávik í Reykjavík eru mjög sjaldgæf, gæði vatns eru almennt mjög mikil.




Kynsjúkdómar


Fjöldi tilfella af kynsjúkdómum og HIV-sýkingum fyrstu þrjá mánuði ársins 2018 er einkum áberandi hvað varðar lekanda. Af þeim 39 sem greindust

þessa fyrstu þrjá mánuði voru 35 karlmenn (90%). Af þeim sjö sem greindust með HIV-sýkingu á þessu tímabili eru fimm af erlendu bergi


brotnir. Íslendingarnir tveir sem greindust eru fíkniefnaneytendur.




Mynd 3



Mynd 4



Mynd 5



Mynd 6

Viðbrögð heilbrigðisyfirvalda við aukinni útbreiðslu kynsjúkdóma

Á síðasta ári skipaði heilbrigðisráðherra starfshóp til að stemma stigu við útbreiðslu kynsjúkdóma og HIV/alnæmis hér á landi. Starfshópurinn skilaði tillögum sínum til ráðherra í ársbyrjun 2018 (slóð á [aðgerðir til að stemma stigu við vaxandi útbreiðslu kynsjúkdóma hér á landi](#)).

Lagt var til að stjórnvöld marki sér opinbera stefnu og setji fram skilgreind markmið um árlega fækkun í hópi þeirra sem greinast með kynsjúkdóma. Lagt var til að fækkunin nemi a.m.k. 10% á ári. Aðrar tillögur lúta að öflun og miðlun upplýsinga um faraldsfræði kynsjúkdóma, um samræmingu verklags við greiningu og meðferð þeirra,


aðgengi að greiningarprófum og notkun þeirra, og skimun og greiningu kynsjúkdóma. Auk þessa var lagt til að komið verði á nálarSKIPTAPRÓGRAMMI fyrir fíkniefnaneytendur sem sprauta vímuefnum í æð, dreifing smokka verði gjaldfrjáls til tiltekinnna hópa, fræðsla í grunn- og framhaldsskólum verði eflað, og tillögur um fræðslu fyrir heilbrigðisstarfsfólk, áhættuhópa og almenning. Loks var fjallað um notkun fyrirbyggjandi lyfja gegn HIV og niðurgreiðslu þeirra.

Heilbrigðisráðherra hefur falið Embætti landlæknis að útfæra nokkrar af tillögum starfshópsins og mun sú vinna hefjast innan skamms.



Innleiðing alþjóðaheilbrigðisreglugerðarinnar (IHR-2005)

Á fundi sem haldinn var í München á vegum WHO í febrúar 2018 voru aðildarþjóðir hvattar til að ljúka innleiðingu IHR á öllum sviðum. Á þingi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) í maí 2005 var samþykkt endurskoðuð alþjóðaheilbrigðisreglugerð og tók hún gildi hér á landi 15. júní 2007. Reglugerðin er alþjóðlegur bindandi sáttmáli sem hefur að markmiði að hindra útbreiðslu hættulegra smitsjúkdóma og sjúkdóma af völdum eiturfarna og geislavirkra efna milli landa. Í reglugerðinni er að finna ýmis ákvæði sem snerta íslensk lög og reglugerðir um



sóttvarnir og heilsufarslegar afleiðingar eiturfarna og geislavirkra efna sem hafa alþjóðlega þýðingu. Með breytingu á sóttvarnalögum nr. 19/1997, sem tóku gildi vorið 2007, er kveðið á um að Ísland sé bundið af reglugerðinni og að sóttvarnalæknir sé lands tengiliður Íslands við WHO um allt sem varðar þessa reglugerð.

Nú er lokið gerð og innleiðingu viðbragðsáætlunar sóttvarna fyrir alþjóðaflugvelli landsins sem og skilgreindar sóttvarnahafnir.

Samstarfssamningur um gerð viðbragðsáætlunar vegna atburða af völdum eiturefna, sýkla og geislavirkni (CBRN)

Sóttvarnalæknir og Ríkislögreglustjórinn hafa gert með sér samstarfssamning um gerð viðbragðsáætlunar vegna hugsanlegra lýðheilsuógna af völdum eiturefna, sýkla, eða geislavirkni (chemical, biological, radiological and nuclear CBRN). Áætlunin verður gerð samkvæmt alþjóðaheilbrigðisreglugerðinni (IHR-2005) og samkvæmt skipulagi almannavarna.

Stuðst verður við það snið sem almannavarnir hafa gefið út fyrir gerð viðbragðsáætlana. Vinna er hafin við heimildaleit og gerð verkáætlunar með samstarfsaðilum. Reiknað er með að lokadrög þessarar áætlunar verði tilbúin til æfingar og frekari rýni á fyrri helmingi ársins 2019.



Bráðaflokkun og áverkamat

Ný spjöld eru komin í dreifingu

Ríkislögreglustjórinn (RLS) og sóttvarnalæknir hafa gert samning við Slysavarnafélagið Landsbjörg (SL) þess efnis að SL tekur að sér umsjón með innflutningi og dreifingu á nýjum birgðum bráðaflokkunar- og áverkamatsspjalda (SMART-TAG). Um er að ræða merki-spjöld og töskur sem viðbragðsaðilar hafa tiltæk í farartækjum og bæki-stöðvum. Spjöldin eru notuð á slysavettvangi til forgangsflokkunar þolenda. Fagráð sjúkraflutninga ber sem fyrir faglega ábyrgð á þessu kerfi í umboði velferðarráðuneytisins. Kostnaður við

kaup og dreifingu á nýjum spjöldum er áætlaður alls kr. 6.200.000. Reglugerð nr. 100/2009 skilgreinir hverjir teljast til viðbragsaðila hér á landi.

Kerfi bráðaflokkunar- og áverkamats var innleitt hér á landi árið 2008 en þá keypti sóttvarnalæknir 300 töskur og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra sá um dreifingu þeirra til viðbragðsaðila. Á síðasta ári fór að bera á skorti á bráðaflokkunar-spjöldum og kom fyrir að spjöldin væru ekki til staðar á slysavettvangi. Með tilkomu nýrra birgða er sá vandi leystur.

Æfingaspjöld verða áfram til dreif-

ingar hjá almannavarnadeild RLS til notkunar á námskeiðum og á hóp-slysaæfingum.

